

Samþykktir fyrir Kaupfélag Borgfirðinga

I. KAFLI

Heiti félagsins, tilgangur og félagssvæði

1. grein

Félagið heitir Kaupfélag Borgfirðinga, skammstafað K.B. Félagið er samvinnufélag samkvæmt landslögum. Heimili þess og varnarþing er í Borgarbyggð. Félagssvæði þess nær frá Hvalfjarðarbotni að Skarðsheiði yfir Borgarfjarðar og Mýrasýslu, Snæfellsnes, Dali og Austur-Barðastrandarsýslu í Kjálkafjarðarbotn. Félaginu er heimilt að eiga aðild að atvinnustarfsemi utan félagssvæðisins. Verði veruleg viðskipti við aðila utan félagssvæðisins og fram koma almennar óskir um stofnun deilda utan félagssvæðisins, er stjórn KB heimilt að fengnu samþykki tveggja þriðju hluta fulltrúafundar að stofna félagsdeildir með fullum réttindum.

2. grein.

Tilgangur félagsins er:

- Að annast hverskonar viðskipti og þjónustu fyrir félagi og aðra svo sem nánar er kveðið á um í samþykktum þessum, eða félagsfundur ákveður á hverjum tíma.
- Að efla atvinnu- og menningarlíf á starfssvæði félagsins með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins svo sem stjórn þess og félagsfundur telja hentast hverju sinni.
- Að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess eftir föngum.
- Að viðhalda og útbreiða þekkingu almennings á samvinnustefnu og aðferðum samvinnuhugsjónarinnar við að leysa félagsleg viðfangsefni.

II. KAFLI

Aðild og ábyrgð félaga

3. grein.

Inngöngu í félagið fá allir þeir einstaklingar sem eru fjárráða og undirrita yfirlýsingu um að þeir séu háðir samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma. Einnig lögaðilar sem stjórn samþykkir að fái aðild. Stjórn getur synjað umsækjanda inngöngu ef henni virðist ástæða til, en viðkomandi getur borið mál sitt undir félagsfund.

4. grein.

Við inngöngu í félagið skal greiða aðildagjald sem ákvarðað er á aðalfundi félagsins. Félagaskrá skal haldin yfir féлага sem varðveitt er á skrifstofu félagsins. Nöfnum nýrra féлага skal bæta við hana jafnskjótt og þeir hafa gengið í félagið og þau numin brott ef þeir ganga úr félaginu eða andast. Ef félagi vísvitandi vinnur gegn hagsmunum félagsins eða brýtur gegn ákvæðum laga nr. 22/1991 um samvinnufélög getur stjórn vísað honum úr félaginu. Félagi sem gerður er brottrækur getur skotið máli sínu til næsta félagsfundar til úrskurðar. Félagar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess, fram yfir það sem nemur stofnsjóðeign hvers um sig. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og berast til skrifstofu KB. Við brottflutning af félagssvæðinu verður félagi skráður sem aukafélagi, utan félagsdeilda, nema viðkomandi félagi kjósi frekar segja sig úr félaginu.

III. KAFLI

Skipulag félagsdeilda

5. grein.

Félagið er deildaskipt eftir búsetu féлага. Breytingar á deildum skal bera undir fundi í viðkomandi deildum og aðalfund. Aukafélagar, sem eru utan deilda, hafa rétt til setu á öllum félagsfundum, með mál- og tillögufrelsi en án atkvæðisréttar.

6. grein.

Aðalfund deilda skal halda fyrir aðalfund félagsins. Á þeim fundi mætir kaupfélagsstjóri eða fulltrúi hans og gerir grein fyrir afkomu félagsins og framtíðarhorfum. Aukafundi skal halda þegar deildarstjóri telur þörf á og ef 10% kjörinna fulltrúa eða féлага krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Fundur er lögmatgur ef hann er boðaður sannanlega með minnst viku fyrirvara. Á aðalfundi deildarinnar skal ræða deildarmálefni og hver önnur félagsmál sem heyra undir álit og tillögur deildarmanna. Á deildarfundum hafa allir félagar málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Halda skal gerðabækur deilda og skulu þær jafnskjótt og þær eru teknar úr notkun varðveittar á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar. Félagi getur gefið öðrum manni umboð til þess að fara með atkvæði sitt. Þó getur enginn farið með meira en eitt atkvæði á fundum félagsdeilda, auk síns eigin. Sá sem fer með atkvæði lögaðila á félagsfundi skal hafa til þess skriflegt umboð ekki eldra en þriggja mánaða. Stjórnarmenn og fulltrúar stjórnar hafa rétt til þess að mæta á deildarfundum og taka þátt í umræðum. Stjórn er heimilt að boða til sameiginlegra deildarfundar á félagssvæðinu. Skal á þeim fundum haldin ein fundargerð fyrir hverja deild

7. grein.

Á aðalfundi deilda skal kosinn deildarstjóri og annar til vara sem gengur að öllu í stað hins ef hann hindrast á einhvern hátt. Kosning þeirra gildir til næsta aðalfundar

deildarinnar. Þegar deildarstjórnarskipti verða tekur hinn nýi deildarstjóri þegar við öllum störfum er stöðunni fylgja. En fráfarandi deildarstjóri skal gera full skil fyrir störfum sínum.

Störf deildarstjóra eru einkum þessi:

- a. Hann boðar til funda í deildinni og stjórnar þeim, ber þar upp þau málefni er deildina varðar og undir hennar atkvæði heyra.
- b. Hann rekur erindi er kaupfélagsstjóri felur honum í umboði félagsins innan deildarinnar.
- c. Hann boðar fulltrúa á fulltrúafundi og boðar varamenn þeirra sem forfallast.
- d. Hann fylgist með félagaskrá deildarinnar og leitast við að afla félaginu nýrra félaga.

Fyrir störf sín fær deildarstjóri þóknun er félagið greiðir eftir ákvörðun aðalfundar.

8. grein.

Hver deild sendir einn fulltrúa á fundi félagsins fyrir allt að 20 fyrstu deildarfélagi. Frá 21-60 sendist annar fulltrúi, frá 61-100 sendist þriðji fulltrúinn.. Frá 101 til 500, einn fyrir hverja 50 félaga Frá 501 og upp úr, einn fyrir hverja 100 félaga. Þó má ein deild aldrei hafa hreinan meirihluta þeirra fulltrúa sem rétt eiga til setu á fundum félagsins. Deildarstjóri er sjálfkjörinn fyrsti fulltrúi en séu fulltrúar fleiri skulu þeir kosnir á aðalfundi deildarinnar til eins árs í senn.

Stjórnarmenn má ekki kjósa sem deildarstjóra eða deildarfulltrúa. Hver deild skal þegar að lokinni kosningu fulltrúa á aðalfund skila kjörbréfi til skrifstofu K.B.

IV. KAFLI.

Aðalfundur, skipulag stjórnar, kaupfélagsstjóri og endurskoðun

9. grein.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og tekur þær ákvarðanir um starfsemi félagsins sem þörf er á. Aðalfundur skal boðaður deildastjórum og fulltrúum félagsdeilda skriflega með minnst viku fyrirvara og haldinn fyrir 10. maí ár hvert. Aukafundur getur stjórn boðað þegar henni þykir þess þörf, hann skal boða með sama hætti og aðalfundur. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar ef 10% kjörinna fulltrúa eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Hafi stjórnin eigi boðað til slíks fundar innan 14 daga frá því krafa um fund barst, skal með farið svo sem kveður á í 19. grein laga nr. 22/1991. Aðalfundur er lögmætur ef að minnsta kosti helmingur kjörinna fulltrúa sækja fundinn. Nú er boðaður aðalfundur ekki lögmætur og skal þá boðað til annars fundar innan þriggja vikna og er sá fundur lögmætur án tillits til fundarsóknar. Aukafundur er lögmætur ef réttilega er til hans boðað. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

1. Skýrslu stjórnar.

2. Skýrslu kaupfélagsstjóra.
3. Skýrslu löggilts endurskoðanda.
4. Afgreiðsla ársreikninga félagsins.
5. Tillögur stjórnar, félagsdeilda og fundarmanna.
6. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps.
7. Ákvörðun um laun kjörinna trúnaðarmanna félagsins og félagsdeilda.
8. Kosningu stjórnar og annarra trúnaðarmanna félagsins.
9. Umræður og fyrirspurnir um þau mál önnur er löglega eru fram borin á fundinum sbr. lög nr. 22/1991.
10. Afgreiðsla fundargerða.

Á fundi eiga sæti auk deildafulltrúa, stjórn, endurskoðendur og kaupfélagsstjóri. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt en fulltrúar einir atkvæðisrétt. Félagar og aukafélagar hafa aðgang að fulltrúafundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, að fengnu samþykki fundarins hverju sinni.

Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða nema þar sem lög eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meirihluta. Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðir eru færðar í fundargerðabók. Reglur um tilhögun á félagsfundum skulu settar í fundarsköpum er stjórnin semur og aðalfundur samþykkir. Þar skal vera regla um hvernig atkvæðagreiðslum á félagsfundum skal háttað.

Ef óviðráðanlegar aðstæður valda, svo sem náttúruhamfarir eða opinberar sóttvarnir, að ekki er hægt að halda aðalfund innan tilgreindra tímamarka, m.a. vegna samkomutakmarkana, þá er stjórn heimilt að fresta aðalfundi, ef nauðsynlegt reynist, í allt að tólf mánuði, og halda þá stjórnarmenn umboði sínu þar til hægt er að halda aðalfund. Stjórn getur líka kosið að halda aðalfundinn með rafrænum hætti, ef tryggt er að aðalfundarstörf geti farið þannig fram með eðlilegum hætti og tryggt að atkvæðagreiðslur verði með leynilegum hætti ef þess er krafist.

10. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 einstaklingum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi og sömuleiðis 3 til vara. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn skulu kjörnir á hverjum aðalfundi. Varastjórnarmenn taka stjórnarsæti í þeirri röð sem atkvæðafjöldi segir til um. Allir félagar eru skyldir að taka kosningu eitt kjörtímabil, og ef þeir skorast ekki undan má endurkjósa þá svo oft sem vill. Kosning stjórnarmanna skal bundin við fram komnar tilnefningar. Engan má kjósa í stjórn nema hann sé aðili að félaginu. Stjórnin kýs formann, varaformann og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Úrslitum mála ræður afl atkvæða. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu færðar í gerðabók og staðfestar af stjórn.

Stjórn boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan. Lætur hafa eftirlit með eignum félagsins, gætir

hagsmuna þess í öllum greinum og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum félagsins ef þörf krefur.

Stjórn skal halda fund með deildarstjórum þegar og ef hún telur þörf á. Stjórn skal, ef við verður komið, skýra frá nýmælum um rekstur og frá framkvæmdum sem gerðar hafa verið frá aðalfundi og fyrirhugaðar eru á næstunni.

Stjórnin fylgist með því að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi félagsins og fjárreiðum. Hún gætir hagsmuna þess út á við og svarar fyrir þess hönd fyrir dómstólum. Stjórnin veitir kaupfélagsstjóra og öðrum þeim starfsmönnum félagsins er hún telur nauðsyn til, prókúru-umboð fyrir félagið. Allir þeir samningar er stjórn eða kaupfélagsstjóri gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum félagsfundar eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan féлага. Þrír stjórnarmenn rita firma félagsins.

Stjórn og kaupfélagsstjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi, stjórnendur einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá er látið hefur bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

Kaupfélagsstjóri

11. grein.

Stjórn félagsins ræður því kaupfélagsstjóra (framkvæmdastjóra) og felur honum daglegan rekstur félagsins og þau af störfum sínum er henni sýnist og lög heimila. Stjórnin gerir skriflegan samning við kaupfélagsstjóra um starfssvið hans og kjör. Skal samningur sá vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með þeim fyrirvara sem aðilar koma sér saman um, þó að hámarki sex mánaða fyrirvara, nema brotið sé alvarlega gegn ákvæðum hans, samþykktum þessum eða landslögum. Undir slíkum kringumstæðum getur stjórnin vikið kaupfélagsstjóra fyrirvaralaust frá störfum.

Kaupfélagsstjóri ræður annað starfslíð félagsins og segir því upp störfum. Hann hefur samráð við stjórn félagsins um ráðningu í stjórnunarstöður.

Kaupfélagsstjóri hefur ekki heimild til ráðstafana er teljast óvenjulegar eða mikilsháttar án samráðs við stjórn félagsins nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum ber kaupfélagsstjóra að tilkynna stjórninni þegar í stað um ráðstöfunina. Kaupfélagsstjóri má ekki eiga setu í stjórn félagsins. Hann sér um að ákvörðunum stjórnar félagsins sé framfylgt og gætir hagsmuna þess á öllum sviðum.

Kaupfélagsstjóri gerir aðalfundi ár hvert grein fyrir störfum sínum og stjórninni hvenær sem hún óskar þess.

Endurskoðun

12. grein.

Aðalfundur kýs félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Hann skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið. Um hæfniskröfur og störf endurskoðanda vísast til laga nr. 3/2006 um ársreikninga og samvinnufélagalaga nr. 22/1991.

V. KAFLI

Ársreikningur félagsins og ársskýrsla stjórnar

13. grein.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn og kaupfélagstjóri skulu á hverju reikningsári semja í samræmi við lög nr. 3/2006 ársreikning fyrir félagið og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Jafnframt skal gerður samstæðureikningur fyrir K.B. og þau félög sem það er eigandi að með þeim hætti að eignaraðildin geti haft úrslitaáhrif á ákvarðanatöku í félaginu. Þá skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársreikningur og samstæðureikningur skulu undirritaðir af stjórn félagsins og framkvæmdastjóra.

Ársreikningur félagsins skal liggja frammi á aðalskrifstofu félagsins minnst viku fyrir aðalfund. Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins ráðstafar aðalfundur samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum félagsins. Heimilt er með samþykki aðalfundar að færa tekjuafgang að nokkru leyti eða öllu til næsta árs.

14. grein.

Á aðalfundi flytur stjórnarformaður skýrslu stjórnar um starf hennar frá síðasta aðalfundi. Hann gerir þar grein fyrir bókuðum fundum stjórnarinnar, helstu ákvörðunum og þeim atriðum öðrum er varða afkomu félagsins og stöðu þess. Þar er einnig gerð grein fyrir slíkum atriðum er fram hafa komið frá lokum reikningsársins til þess tíma er aðalfundur er haldinn.

Einnig skal upplýst um fjölda félaga og breytingar á félagaskrá. Í ársskýrslu kaupfélagsstjóra skal gerð grein fyrir fjölda starfsmanna, heildarfjárhæð launa og þóknana til starfsmanna félagsins og stjórnar og öðrum þeim atriðum er varða rekstur félagsins og stjórn felur honum.

VI. KAFLI.

Sjóðir og veltufé

15. grein.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóður nemur tíu hundraðshlutum af fjárhæð stofnsjóðs. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta af fjárhæð stofnsjóðs.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með öðrum hætti.

16. grein.

Í stofnsjóð skal leggja aðildargjald félaga og enn fremur þann hluta hagnaðar sem aðalfundur ákveður. Árlega skal vaxtareikna og verðbæta stofnsjóð.

Að jafnaði skal hafa til viðmiðunar almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól. Stofnsjóð skal nota við allan rekstur félagsins. Stofnsjóðseign hvers aðila skal koma til útborgunar:

- a. Við andlát hans.
- b. Við brottflutning hans af félagssvæðinu, enda gangi hann úr félaginu.
- c. Við slit félags sem aðild á að KB.

Þá getur félagi fengið stofnsjóðseign sína útborgaða vegna varanlegrar örorku og við 70 ára aldur ef hann óskar þess enda þótt hann haldi áfram þátttöku í félaginu. Aldrei má þó greiða út stofnsjóðseign fyrr en eigandi hefur innt af hendi allar skuldbindingar sínar við félagið.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt og hlutdeild félaga í stofnsjóði er ekki framseljanleg og hún stendur ekki til fullnustu fjárkröfum skuldheimtumanna.

VII KAFLI

Slit félagsins

17. grein

Sé félaginu slitið án gjaldþrotaskipta skal andvirði eigna þess ávaxtað í Söfnunarsjóði uns annað félag með svipuð markmið verði stofnað á félagssvæðinu eða stórum hluta þess.

Að öðru leyti skal um skrásetningu félagsins, félagsslit og breytingum á samþykktum fara að lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Sama er um öll önnur atriði sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum en ákvæði eru um í lögum.

Með afgreiðslu þessarar samþykktu eru úr gildi fallin eldri lög félagsins

Í stjórn Kaupfélags Borgfirðinga svf

Sigrún Halla Gísladóttir

Garðar Freyr Vilhjálmsson

Eggert Kjartansson

Dagný Sigurðardóttir

Hjalti Rósinkrans Benediktsson